

## GJALDSKRÁ

### fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

#### 1. gr.

##### *Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.*

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	6.700 kr.
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.300 kr.
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.400 kr.

#### 2. gr.

##### *Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.*

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir próf til A-réttinda	23.000 kr.
Fyrir próf til B-réttinda	23.000 kr.
Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	11.500 kr.
Fyrir önnur próf	7.500 kr.
Fyrir endurtökupróf	7.500 kr.

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

#### 3. gr.

##### *Gjöld vegna atvinnuskírteina kafara.*

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	5.200 kr.
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	2.000 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.*

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31/1996 um köfun, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál nr. 143/1997.

*Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2001.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*